

Nd.

### **366. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 (þingsk. 24, 216, 236). Samþykkt í Nd. 21. ágúst 1912.

Með því að til stendur að leita samkomulags við Dani um sambandsmálið á grundvelli frumv. millilandanefndarinnar 1908, með þeim breytingum, er samkomulag fæst um, bæði inn á við og út á við, en það mundi að sjálfsögðu leiða til stjórnarskrárbreytingar, þá telur deildin ekki rjett, að gera samþykkt um stjórnarskrármálið að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.